



Skýrsla Skógræktarfélags Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi árið 1986.

Helstu framkvæmdir Skógræktarfélags Selfoss í Hellisskógi á árinu 1986 voru þessar:

Áætlanir um framkvæmdir í Hellisskógi frá því haustið 1985 stóðst að mestu. Lokið var við stóra verkþætti svo sem plægingu og girðingavinnu. Þetta tókst þrátt fyrir verulega lægri fjárframlög úr bæjarsjóði en áætlanir gerðu ráð fyrir. Málið var leyst með því að skógræktarfélagið tók fé úr eigin sjóði og félagsmenn reistu girðinguna mikið til í sjálfböðavinnu þrátt fyrir ákvæði 3. gr. samnings um að bæjarsjóður Selfoss ætti að koma upp fjárheldri girðingu umhverfis skógræktarlandið. Girðingin varð að koma og það tókst, annars hefðu aðrar framkvæmdir orðið strand.

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir helstu framkvæmdir ársins 1986.

1) Girðing. Hafist var handa við girðingarvinnu laugardaginn 30. ágúst. Girðingaflokkur Jóns í Neðradal ásamt fjölda sjálfböðaliða setti þá niður hornstaura og strekktu vír yfir alla Hellismýrina, ca. 1 km. Daginn eftir unnu sjálfböðaliðar að frágangi á þeirri girðingu. Jón mætti aftur með sinn flokk þriðjudaginn 2. sept og strekkti girðinguna yfir túnin ca. 300 m. Sjálfböðaliðar unnu síðan við frágang á girðingum 3. og 6. september. Alls voru girtir um 1300 m. og telst svæðið þar með fjárhelt. Efni í girðingar var fengið hjá K.Á. og M.R.

2) Fjarlægging gamla girðinga. 30. ágúst fjarlægðu félagsmenn gömlu fjarlægðu félagsmenn gömlu sauðfjárveikivarna-girðinguna. Aðeins nokkrir staurar voru nýtanlegir úr henni. Í júní hreinsuðu unglingar úr unglingavinnunni gamlar girðingaleyfar og annað drasl af svæðinu.

3) Plæging. Dagana 1. - 4. september plægði starfsmaður skógræktar Ríkisins mýrina vestan og norðan við Grímskletta. Notuð var dráttarvél og plógur í eigu skógræktar Ríkisins. Alls voru plægðir 16 ha.



4) Hlið. Starfsmenn skógræktar Ríkisins smíðuðu og settu upp hlið á veginn inn á svæðið. Verkinu lauk 12. maí.

5) Tæting. Gísli Geirsson í Byggðarhorni kom 29. maí og aftur 5. júní og tætti beð fyrir græðlinga og skjólbelti.

6) Plöntun í skjólbelti.

Dagana 29. maí og 5. og 12. júní var plantað 2000 alaskavíðiplöntum (1000 stk. S-1 og 1000 stk. brúnn alaskavíðir) í 1,2 km. löng skjólbelti.

Einkum var plantað rétt innan við hliðið. Borinn var tilbúinn áburður á plönturnar. Vöxtur var góður í sumar.



7) Græðlingaræktun.

Dagana 29. maí og 12. júní voru útbúin græðlingabeð og var ca. 1000 stk. af alaskavíðigræðlingum (brúnn) og ca. 2000 stk. af alaska-apargræðlingum stungið í beðin. Notað var svart plast yfir beðin. Hrossaskít og sandi var bætt í jarðveginn. Starfsmenn í áhaldahúsi bæjarins sáu um aðdrætti á bætiefnum í græðlingagarðinn í mars 1986. Græðlingavöxtur var góður í sumar.

8) Annað. Vélgrafa frá áhaldahúsi gróf grunnan framræsluskurð neðan við Grímskletta 24. og 28. okt. Starfsmenn í áhaldahúsi hreinsuðu gömul fjárhús burtu af svæðinu innan við hliðið í október.

F. h. Skógræktarfélags Selfoss

Örn Óskarsson